



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 15

Október 1986

HAUSTFUNDUR

Haustfundur verður haldinn að Hótel Hofi,
Rauðarárstíg, þriðjudaginn 4. nóvember
1986, kl. 20 :30

Dagskrá:

1. Helgi Björnsson sýnir ýmislegt frá úrvinnslu íssjármælinga og ef til vill einhverju fleiru.
2. Kaffi
3. Sitthvað frá síðasta sumri. Félagar, komið með myndir úr jöklaferð og öðru áhugaverðu frá liðnu sumri.

Á R S H Á T Í Þ S J Á B A K S Í Þ U .

Á aðalfundi 26. febrúar 1985 sýndu Snorri Ingimarsson og Þorvarður Hjalti Magnússon myndir frá vetrarferðum á jeppum og skýrðu ýmislegt fróðlegt varðandi þá tækni og búnað sem jeppamenn nota við akstur í snjó. Þeir hafa teki saman eftirfarandi pistil um jeppaferðir á jöklum.

JEPPAR Á JÖKLUM.

Í rúm þrjátíu ár, eða frá því fyrstu jepparnir komu hingað til lands í síðari heimsstyrjöldinni og fram á miðjan áttunda áratuginn þekktu Íslenskir jeppamenn enga hjólbarða aðra en þá sem jeppar þeirra komu upphaflega á frá verksmiðjunum. Á þeim tíma var aðeins farið á bílum upp á hálandið að sumri til þegar snjóa hafði leyst. Hægt var að ferðast á haustin þangað til keðjur dugðu ekki lengur til að plægja dekkinn gegnum skaflana. Í byggð voru keðjur eina ráðið til að komast ferða sinna í miklum snjó. Til að komast leiðar sinna utan vega í snjó þurfti að hitta á harðfenni.

Síðasta áratug hefur mikil og góð þróun orðið í búnaði fyrir jeppa. Nýir hjólbarðar sem gefa ótrúlega möguleika hafa komið á markaðinn. Nú er staðan orðin þannig að jeppamenn virðast komast hvert sem er, hvenær sem er og eru jöklar landsins þar engin undantekning. Þó hægt sé að aka yfir lausamjöll og aðra farartálma takmarkar óblítt veðurfar oft ferðir jeppamanna eins og annara.

Sífelld stærri hjólbarðar hafa verið að koma á markaðinn og með hverri nýrri stærð hafa menn komist lengra. Nú eru algengir jeppahjólbarðar 38" háir og 15" breiðir en þeir stærstu eru 44" háir og 18" breiðir. Eftir að þessar stærðir komu fram hefur nokkuð hægt á þróuninni, bæði virðast þessar hjólbarðar nægja flestum jeppum og einnig er kostnaður við stærri hjólbarða margfalt meiri. Síðustu ár hafa radial hjólbarðar verið reyndir með góðum árangri undir léttum og vélarvana jeppum og segja má að þróunin sé hröðust á þeirri braut um þessar mundir, trúlega vegna lægri kostnaðar.

Við fyrstu sýn gæti virst sem stærri dekk myndu auka álagið í réttu hlutfalli við stærð þeirra. En það er ekki allt sem sýnist í þessum málum. Lítum nú nánar á það sem raunverulega veldur álagi á burðarhluti bíls. Það er sá massi sem burðarhlutarnir þurfa að bera uppi. Það er því þyngd bílsins sem mestu ræður um álagið en ekki stærð hjólbarða nema að óverulegu leyti. Þegar bíllinn er á hreyfingu koma mun fleiri þættir,

sem vert er að gefa gaum að, inn í myndina. Litum fyrst á hæð hjólbarðanna. Augljóst er að eftir því sem hjól er stærra um sig rennur það auðveldar yfir allar ójöfnur. Reynslan hefur sýnt að þetta lögmál gildir einnig um stóra hjólbarða. Þvottabretti sem algeng eru á íslenskum vegum finnast mun minna á stórum hjólbörðum. Sömu sögu er að segja um séríslensk fyrirbæri sem allir þekkja, svo sem djúpar og stórar holur við brýr. Þá er oft 10 sentimetra háir stallur þar sem steingólf brúarinnar tekur við af malarholunni. Ef ekið er á venjulegum jeppahjólbörðum þarf að hægja ferðina verulega til að missa ekki vald á bílnum þegar ekið er inn á slíka brú. Á stærri dekkjum, til dæmis 38" háum, þarf ekki að hafa miklar áhyggjur af slíku. Þar kemur tvennt til. Annars vegar hjálpar hæð hjólbarðanna og hins vegar mýkt þeirra. Það er augljóst að 38" háir hjólbarðar eru mun mýkri en 29" háir, ef þeir hafa jafn mörg strigalög og eru á jafnstórum felgum.

Margir þeirra sem telja stærri hjólbarða hættulega hafa réttilega bent á að meiri flotkraftur er í háum belgmiklum hjólbörðum heldur en þeim sem notaðir hafa verið hingað til. En þessir menn hafa ekki hugsað málið til enda. Þegar jeppa á litlum hjólbörðum er ekið út í á er algengt að yfirbygging hans fari ofan í vatnið. Ekki þykir neitt tiltökumál þótt vatnið nái upp að framljósum eða hurðarhúnum og oft fer það enn ofar. Ef einhver straupungi er í vatninu má geta nærri að gífurlegur kraftur lendir á bílnum, bæði flotkraftur upp á við og þrýstikraftur frá hlið. Enda er algengt að bílar hrekist aðeins undan straum í fallvötnum. En til að 40 tommu háir hjólbarðar fari á kaf þarf vatnið að vera rúmur metri á dýpt. Þegar búíð er að hækka jeppa upp þannig að þau komast undir eru um 75 cm upp í yfirbygginguna. Þetta sýnir að einungis 25 cm af henni fara ofan í vatnið. Til samanburðar má geta þess að óhækkaður Bronco á venjulegum dekkum er um 1 m upp að hurðarhúnum. Staðreyndin er sú að yfirleitt snerta yfirbyggingar jeppa á stórum hjólbörðum ekki vatnið nema í einstaka tilfellum.

Reynslan hefur sýnt að slithraði bílanna eykst ekkert að ráði við að setja undir þá strærri hjólbarða. Aðrir þættir eru mun veigameiri, til dæmis hafa vatn, leðja og slæm meðferð mun verri áhrif. Þetta eru allt þættir sem eru einnig til staðar á minni hjólbörðum og jafnvel meir vegna þess að minna vatn þarf til að hásingar og hemlar fari á kaf.







Þeir sem reynslu hafa af notkun stórra hjólbarða hafa oft velt því fyrir sér hve "þungt" jeppar á flotmiklum hjólbörðum stíga til jarðar. Reynslan hefur sýnt að oft sekkur jeppi ekki meir í en gangandi maður.

Tökum sem dæmi Willys jeppa á 40 tommu háum Monster Mudder hjólbörðum. Þegar búið er að mýkja þau með því að minnka loftþrýsinginn í þeim snerta þau hvert um sig 2000 fersentimetra. Ef jeppinn er um 1800 kg með farangri, bensíni og farþegum jafngildir þetta 225 gramma þrýsting á fersentimeter. Athugum nú gangandi mann til samanburðar. Dæmigerður göngumaður er 110 kg með bakpokann sinn og gönguskórnir hans eru 225 fersentimetrar hvor um sig. Hann veldur því 200 gramma þrýsting á fersentimeter þegar hann gengur um. Nú gefa þessar tölur ekki alveg rétta mynd vegna þess að þegar jeppinn spyrnir sér áfram sekkur hann meir í, en á móti kemur að göngumaðurinn spyrnir líka í auk þess sem hann stendur aðeins á öðrum fætinum meðan hann stígur fram í hinn. Reynslan sýnir að þegar farið er nógu hægt gefa þessir útreikningar nokkuð rétta niðurstöðu. Það er því ekki úr lausu lofti gripið að reyndir fjallamenn hafa líkt stóru jeppahjólbörðunum við snjóþrúgur og kallað þá loftþrúgur.

Eins og áður er vikið að hafa stóru hjólbarðarnir gerbreytt ferðamennsku jeppamanna hér á landi. Hér er einnig á ferðinni tækninýjung sem sífellt fleiri eru að koma auga á. Gott dæmi eru Björgunarsveitir, bændur, Rafmagnsveitur Ríkisins, Lögreglan úti á landi, vísindamenn við gagnaöflun á hálendinu og margir fleiri. Allir þessir aðilar nýta sér stærri hjólbarða í auknum mæli til að auðvelda sér störf sín. Stærri hjólbarðar eru því tækninýjung sem sýnt hefur gildi sitt og leiðir til aukins öryggis fyrir þjóð sem býr í harðbýlu landi. /Snorri Ingimarsson verkfræðingur, Þorvarður Hjalti Magnússon kerfisstjóri.

ÁRSHÁTIÐ

Jæja félagar, nú er er komið að hinni stórskemmtilegu árs hátíð JÖRFI. Árs hátíðin verður laugardaginn 8. nóvember 1986 eins og sést á auglýsingunni aftan á fréttabréfinu. Í síðasta fréttabréfi hafði dagsetningin eitthvað skolast til og er vonandi að það komi ekki að sök. Það verða fjölbreytt skemmtiefni, happadrætti með veglegum vinningum, söngur og grín. Ágóði af happadrætti rennur í byggingasjóð. Væri ekki tilvalið að koma saman til að rabba saman og skemmta sér. /Skemmtilega nefndin.



| |
|--------------------------------|
| JÖKLARANNÓSKNAFÉLAG ÍSLANDS |
| SKÁLI II GRÍMSFJALLI |
| FRÖÐUR OG TÆRNING |
| DRÖG TEGIÐ STEIN ÞÓRVALDSON |
| GRUNNMYND OG ÚTLIT |
| OKT. 66 |

JÖKULL 1986

Jökull 1986 er kominn úr fyrstu próförk og er stefnt að útgáfu fyrir jól. Sumt af því efni sem þegar er búið að setja gengur yfir í heftið 1987, þar sem stærð heftis 1986 var takmarkað við 96 síður. Handrit að greinum sem eiga að birtast í 1987 hefti þurfa að berast í síðasta lagi um áramót. Sérstaklega er óskað eftir félagsefni, en ekkert barst af því fyrir heftið 1986.

JÖKULHEIMAFERÐIN

Hin árlega 13. september ferð var farin að þessu sinni föstudaginn 12. sept. og stóð til og með 14. Farið var um kl. 20 frá ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar. Komið var inn í Jökulheima milli klukkan eitt og tvö eftir miðnætti. Á laugardeginum, sem var heiðskýr með 3. gráðu frosti og strekkings vindi af norðri, var ekið norður að Silgjufelli og gengið á Surt, sem er gígur vestan Silgjufells. Stuttu eftir að komið var aftur í Jökulheima fóru nokkrir inn að Tungnárjökli og mældu hann. Kom þá í ljós að jökullinn hafði hopað um 59 m síðan í fyrra. Um kvöldið var að vanda glatt á hjalla, sungið og sögur sagðar með meiru. Sunnudagurinn 14. var bjartur lygn og 6 gráðu hiti. Um hádegisbilið var farið frá Jökulheimum heim á leið og ekið um Veidivatnasvæðið og upp á Vatnsfell í björtu og stilltu veðri og víðu útsýni.

Rétt er að geta þess að lúpínufraði sem sett var niður í fyrra haust við Jökulheima var víðast hvar komið upp og að einnig var sett niður sams konar fræ núna.

Í ferðinni tóku alls þátt 32. Þar af voru 8 sem voru í samfloti á jeppum. Þrír þeirra höfðu farið úr Reykjavík daginn áður og ekið á Grímsfjall á föstudagsmorgninum og til baka um kvöldið.

NAUTÖLDUFERÐ

Mælingaferð að Nauthaga- og Múlajökli var farin að morgni föstudags 26. september kl. 8:15 frá Nesti Ártúnshöfða. Í ferðina mættu 37 manns, 2 hundar og 10 jeppar. Undanfarin ár hafa safnast í þessa ferð jeppa-eigendur á farartækjum sínum, enda er leiðin inn í Nautöldu skemmtileg til jeppaaksturs. Nú var tekið það ráð að auglýsa þessa ferð, vegna

þeirra sem ekki hafa tök á jeppaferð, en vilja gjarnan komast þarna inn eftir. Vonast var til að þátttaka yrði það góð að hægt yrði að taka rútu. En sú var ekki raunin á. Aðeins mættu þrír út á auglýsinguna og var þeim deilt niður á jeppana.

Ekið var um Flúðir í Hrunamannahreppi og upp hjá Tungufelli inn á línuveginn, sem liggur ofan við Háafoss og inn á norðurleiddina sunnan Sandafells. Ekið var síðan norður með Þjórsá að vestan sem leið liggur inn að Nautöldu. Þangað var komið um kl. 18. Lítil kofi er þar með svefnrými fyrir 8 manns, svo að flestir gistu í tjöldum. Að morgni laugardags var farið inn að jökli. Skiptist hópurinn við "Öldur-laug". Nokkrir fóru til mælinga, en aðrir gengu ýmist á Ólafsfjall eða Hjartarfell. Þeir sem ætluðu að mæla gengu fyrst að mælingastaðnum við Nauthagajökul, sem er skammt austan við laugina. Við mælingu kom í ljós að engar breytingar höfðu átt sér stað síðan í fyrra. Vestari mælingastaðurinn við Múlajökul var næstur. Þar hafði jökullinn gengið fram um 34 m. Var jaðarinn þar mjög brattur og sprunginn ofan til en sléttari neðan til. Eftir því sem austar dró varð jökullinn sprungnari og brattari. Við mælingastaðinn sem er nálægt miðjum jöklinum hafði hann rigningu og strekkingsvindi af SA var komið að lauginni. Notalegt var að leggjast í hana 38 stiga heita. Á sunnudeginum var haldið í bæinn um Illahraun, Kerlingafjöll, Hvítárnes og skógræktina í Haukadál. Komið var til Reykjavíkur um kl. 21. /SBj.

JÖKLABREYTINGAR

Þótt aðeins nokkur hluti af jöklamælingum haustsins sé komin á skrá er ljóst að jöklar halda áfram að hopa.

Enn hopar Tungnárjökull hjá Jökulheimum, nú í ár um 59 m. Jöklar á Vestfjörðum og Norðurlandi hafa látið á sjá, Kaldalónsjökull hefur hopað um 100 m og Reykjafjarðarjökull um 28 m.

Á mæliárinu 84/85 gekk Skeiðarárjökull all rösklega fram eins og sagt var fyrir tæpu ári síðan í Fréttabréfi nr. 11. Á síðastliðnum vetri gekk vesturhlutinn (Skeiðarárjökull W) fram og ýtti við jökulöldum á aurunum suður af Súlutindum. Nú er þar allt að verða rólegt. Eystri hlutinn (Skeiðarárjökull E) hefur staðið í stað eða hopað lítið eitt við jökla-merkin.

Suðurjaðar Múlajökuls í Hofsjökli hljóp fram á mæliárinu um 318 m. Enn virðist vera gangur í honum. Síðujökull hefur hropað við bæði merkin, vestra og eystra, 34 og 33 m.

Sólheimajökull skríður stöðugt fram, vesturtungan um 51 m, fram á Jökulhaus 15 m og jaðar Austurtungu hefur færst fram um 16 m. Þannig mætti lengi telja ýmislegt um jöklabreytingar; kemur væntanlega nánar í næst næsta Jökli. /SRist.

ÁRSHÁTIÐ JÖRFI 1986

Árshátíð JÖRFI 1986 verður haldin í Risinu Hverfisgötu 105 laugardaginn 8. nóvember 1986, og hefst klukkan 20:00. Húsið opnað klukkan 19:00.

Veislustjóri: Sveinn Sigurbjarnarson, Eskifirði
Ráðumaður: Arngrímur Hermannson

Fjölbreytt skemmtiefni, happadrætti, söngur og grín.
Miðaverð kr. 1500

Miðar verða seldir á haustfundinum 4. nóv. Einnig hjá Ástvaldi, Rakarastofunni Dalbraut 1, símar 686312 og 77616, og hjá Jóni Sveinssyni, Raunvísindastofnun, símar 21347 og 72572.